

Fimmtudaginn 25. janúar 1962.

Nr. 10/1961. **Félag íslenzkra iðnrekenda**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. Iðju, félags
verksmiðjufólks á Akureyri**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

Varadómari Benedikt Sigurjóns-
son í stað Ísleifs Árnasonar.

Kjarasamningar. Skýrð ákvæði um kaupgreiðslur og hvort tiltekin greiðsluskylda hafi fallið niður vegna verkfalls.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Félagi íslenzkra iðnrekenda gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks á Akureyri með stefnu, dags. 10. október f. á.

Málavextir og aðdragandi máls þessa eru á þá lund, sem nú verður rakið:

Hinn 12. nóvember 1958 sömdu Iðnrekendafélag Akureyrar og Iðja, félag verksmiðjufólks á Akureyri, um það, að kjarasamningur þessara aðilja frá 1. des. 1954 skyldi framlengjast til 1. júní 1960.

Á árinu 1960 var kjarasamningum greindra aðilja sagt upp með tilskildum fyrirvara af hálfu Iðju á Akureyri og voru samningar því lausir haustið 1960. Hinn 10. október það ár ritaði Iðja, félag verksmiðjufólks á Akureyri, Iðnrekendafélagi Akureyrar bréf og fer fram á tilteknar breytingar á kjarasamningum þeim, er gilt höfðu milli nefndra aðilja, en áður hafði Iðja á Akureyri borið fram sams konar kröfu við Vinnumálasamband Samvinnufélaganna, en félagar í þeim samtökum reka umfangsmikinn atvinnurekstur á Akureyri. Hinn 26. október komust á samningar milli Iðju og Vinnumálasambands Samvinnufélaganna. Er þar samið um ýmis atriði varðandi kjör félagsmanna Iðju á Akureyri og segir svo í fyrsta lið samkomulags þessa:

„Þegar næst verður samið um breytingar á kjarasamningi iðnverkfólks í Reykjavík, munu ofangreindir vinnuveitendur (þ. e. Samband ísl. samvinnufélaga og Kaupfélag Eyfirðinga) greiða starfsfólki sínu, sem öðlast hefur rétt til næst hæsta kaups (eftir 12 mánaða starf) fullorðinna karla eða kvenna, mismun þess kaups og hæsta kaups, sem greitt er eftir fjögurra ára starf skv. samningnum. Mismunurinn reiknast frá þeim tíma, er starfsmaður öðlast rétt til umrædds næst hæsta kaups, þó aldrei lengra aftur í tímann en frá og með 15. október 1960 ...“

Þá segir svo í lok þessa samkomulags:

„Skuldbindingar vinnuveitenda, þær sem um ræðir í 1.—3. hér að framan, gilda unz næst verður samið um breytingar á kjarasamningum iðnverkfólks í Reykjavík.“

Nokkru síðar, eða hinn 7. nóvember 1960 var undirritað svofellt samkomulag milli Iðju, félags verksmiðjufólks á Akureyri, og nokkurra iðnrekenda á Akureyri, sem allir voru þá enn í Iðnrekendafélagi Akureyrar:

„Undirritaðir iðnrekendur á Akureyri og Iðja, félag verksmiðjufólks Akureyri, gjöra með sér eftirfarandi samkomulag:

1. Að undirritaðir samþykkja, að væntanlegir samningar milli Félags íslenskra iðnrekenda og Iðju, félags verksmiðjufólks taki gildi sex mánuði aftur í tímann frá undirskriftardegi, þó ekki lengur en til 1. nóv. 1960.
2. Sömu aðiljar skuldbinda sig til þess að greiða í sjúkrasjóð Iðju Akureyri 2% af kaupum fullgildra félaga Iðju, sem í verksmiðjunum vinna. Greiðsla í sjóðinn miðast við kaupgreiðslur frá 1. nóv. 1960 ...“

Þegar þetta gerðist voru samningar milli Félags íslenskra iðnrekenda og Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, „lausir“, eins og það er nefnt, og óvissa um það, hversu langur tími liði þar til nefndir aðiljar gengju til samninga á ný.

Eigi kom þó til samninga á næstu mánuðum og er svo að sjá, að eigi hafi neitt verið hafst að af hálfu Iðju á Akureyri í kaupgjaldsmálum þar til hinn 9. maí 1961, en þann dag sendi nefnt félag Iðnrekendafélagi Akureyrar tillögur til breytinga á samningum síðast nefndra aðilja, og fer þess á leit, að samningaumleitarnir hefjist við fyrstu hentugleika. En verði ekki af því í tæka tíð, kveður Iðja, að það félag muni, „til að hafa samflot með öðrum stéttarfélagum, lýsa yfir vinnustöðvun á sama tíma og þau.“

Í tilefni af þessari málaleitan tilkynnir Vigfús Þ. Jónsson, sem verið hafði fyrirsvarismaður Iðnrekendafélags Akureyrar, hinn 15. maí 1961 Iðju á Akureyri bréflega, að samþykkt hafi verið hinn 14. janúar s. á., að leggja Iðnrekendafélag Akureyrar niður og að félagar þess gengju allir í Félag ísl. iðnrekenda. Hafi áður nefndar samningaumleitarnir Iðju því verið framsendar Félagi íslenzkra iðnrekenda sem réttum málsvara iðnrekenda í umdæmi Akureyrarkaupstaðar. Með símskeyti, dags. 18. maí 1961, tilkynnir Iðja, félag verksmiðjufólks á Akureyri, Félagi íslenzkra iðnrekenda, að trúnaðarmannaráð Iðju hafi þann sama dag samþykkt vinnustöðvun hjá iðnrekendum á Akureyri innan vébanda F. Í. I. frá og með 29. maí, ef samningar hafi eigi tekist fyrir þann tíma. Félag ísl. iðnrekenda svarar þeirri verkfallsboðun hinn 26. maí með svohljóðandi símskeyti:

„Fengum dagsent eintak af samningi yðar við iðnrekendur Akureyri dagsettan 7. nóvember 1960. Verkfallsboðun yðar skilin sem fullnaðarslit á þessum samningi. Ella mótmælum við boðuðu verkfalli yðar sem markleysu.“

Samningar komust ekki á og hóf Iðja verkfall hjá iðnrekendum á Akureyri hinn 29. maí f. á., svo sem boðað hafði verið. Og hinn 10. júní setur Iðja á Akureyri fram þær viðbótarkröfur í símskeyti til Félags íslenzkra iðnrekenda, að fullar launagreiðslur verði greiddar fyrir hvern verkfallsdag frá 4. júní þar til samningar hafi tekist. Verði samkomulag eigi komið á fyrir kl. 2000 mánudaginn 12. júní kveðst Iðja muni setja á flutningabann að

og frá viðkomandi verksmiðjum á Akureyri, þar til samningar hafi tekist.

Hinn 11. og 13. júní komst á samkomulag milli Iðju á Akureyri og nokkurra iðnrekenda þar, að fylgt yrði eldri samningi Iðju og Iðnrekendafélags Akureyrar með þeim breytingum, sem nánar eru tilgreindar, en jafnframt er tekið fram, að framkvæmd á staflið 1 í áðurgreindu samkomulagi frá 7. nóv. 1960, skuli slegið á frest, þar til gerður hafi verið samningur milli Iðju á Akureyri og Félags íslenzkra iðnrekenda. Slíkur samningur hefur ekki komist á enn, þrátt fyrir tilraunir til samninga á s.l. sumri. Hins vegar gerðu Félag íslenzkra iðnrekenda og Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík, kjarasamning hinn 28. júní 1961 án þess að til verkfalls kæmi.

Ágreiningsefni máls þessa er það, hvort 1. liður samkomulagsins frá 7. nóv. 1960 um sex mánaða afturvirktt gildi væntanlegs kjarasamnings milli „Félags íslenzkra iðnrekenda og Iðju, félags verksmiðjufólks“, hafi fallið niður með framangreindri verkfallsákvörðun Iðju á Akureyri og eftirfarandi verkfalli í maí 1961. Kom ágreiningur strax upp um það, þegar iðnrekendur á Akureyri gengu til samninga 11. og 13. júní s. á., og hefur sá ágreiningur m. a. valdið því, að ekki hafa enn komist á kjarasamningar milli stefnanda máls þessa annars vegar, sem nú er orðinn samningsaðili að þessu leyti vegna iðnrekenda þeirra, er áður voru í Iðnrekendafélagi Akureyrar, og Iðju á Akureyri hins vegar. Hafa málsaðiljar orðið ásáttir um það, að leita úrskurðar Félagsdóms um þetta ágreiningsefni. Samkvæmt því samkomulagi höfðaði stefnandi mál þetta svo sem áður segir og eru dómkröfur hans þær:

Að dæmt verði, að 1. liður framangreinds samkomulags frá 7. nóv. 1960 sé fallinn úr gildi.

Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati Félagsdóms.

Kröfur sínar styður stefnandi þeim rökum, að oftnefnt samkomulag hafi verið byggt á þeirri forsendu, að ekki

yrði beitt vinnustöðvun gegn þeim iðnrekendum á Akureyri, sem að samkomulaginu stóðu og að vinnufriður héldist á Akureyri þangað til komist hefðu á samningar milli Félags íslenzkra iðnrekenda og Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, en þeir samningar hafi á undanförunum árum verið lagðir til grundvallar kjarasamningum Iðju á Akureyri og iðnrekenda þar. Verkfallsákvörðun Iðju á Akureyri í maí 1961 og eftirfarandi verkfall 29. s. m. hafi þess vegna leitt til þess, að niður hafi fallið skylda iðnrekenda þeirra á Akureyri, er hlut áttu að máli, til þess að greiða 6 mánuði aftur í tímann kaup það, sem umsamdist á s.l. sumri. Þetta sjónarmið hafi fyrirvarsmenn Iðju á Akureyri líka viðurkennt í verki með því að svara ekki áðurgreindu símskeyti stefnanda frá 26. maí, og hefja verkfall án nokkurs áskilnaðar um gildi samkomulagsins frá 7. nóv. 1960.

Stefndi hefur mótmælt þessum skilningi stefnanda og heldur hann því fram, að umdeilt samkomulag sé enn í fullu gildi. Kveður hann það engan veginn hafa verið tilætlun þeirra aðilja, sem stóðu að samkomulaginu frá 7. nóv. 1960, að Iðja á Akureyri afsalaði sér á nokkurn hátt rétti til þess að fylgja kaupkröfum sínum fram með verkfalli, ef með þyrfti, enda hafi það alls ekki borið á góma við þá samningsgerð, að gildi nefnds samkomulags væri bundið því skilyrði, að Iðja á Akureyri hæfi ekki verkfall. Hér hafi verið um það eitt að ræða, að slá á frest kaupkröfum gegn því endurgjaldi af hálfu iðnrekenda, sem samkomulagið fól í sér, þ. e. afturvirku gildi væntanlegra samninga um 6 mánaða skeið í hæsta lagi. Þá mótmælir stefndi því einnig, að miða hafi átt við samninga Iðju í Reykjavík og Félags íslenzkra iðnrekenda, heldur hafi að sjálfsögðu verið tilætlunin, að Iðja á Akureyri semdi við iðnrekendur þar eða þá samtök þeirra, Félag íslenzkra iðnrekenda.

Fyrirvarsmenn Iðju á Akureyri þeir Jón Ingimarsson formaður og Hallgrímur Jónsson stjórnarnefndarmaður, sem báðir tóku þátt í samkomulagssumleitunum 7. nóv. 1960, hafa komið fyrir dóm, bæjarþing Akureyrar, hinn

19. des. f. á., og gefið aðiljaskýrslu um málavöxtu. Og á sama dómþing komu þeir einnig iðnrekendurnir Vigfús Jónsson, Skarphéðinn Ásgeirsson og Eyþór Tómasson, sem allir voru aðiljar að samkomulaginu 7. nóv. 1960 og sömdu þá við Iðju á Akureyri. Skal nú rakið það, sem fram kom við þá aðiljayfirheyrslu.

Jón Ingimarsson og Hallgrímur Jónsson eru samsaga um það, að tillagan um afturvirka greiðslu muni hafa komið frá iðnrekendum, sem gert hafi uppkastið að samkomulaginu, en fulltrúar Iðju hafi fengið framgengt bréytingum á því. Þá segja þeir og, að ekki hafi verið um það rætt, hvaða áhrif það hefði, ef Iðja hæfi verkfall, en um það hafi verið rætt, að Iðja á Akureyri mundi hafa samflot með öðrum verklyðsfélögum og að samkomulagið hafi verið til þess gert að fresta verkfalli í bili.

Vigfús Jónsson segir að samkomulagið frá 7. nóv. hafi orðið til upp úr ýmsum tillögum, sem fram hafi komið, en niðurstaðan hafi orðið sú, að miða við 6 mánuði. Hafi ekkert verið rætt um verkfallsaðgerðir síðar eða áhrif þeirra á samkomulagið, en iðnrekendur hafi beinlínis verið að kaupa af sér yfirvofandi verkfall.

Skarphéðinn Ásgeirsson segir, að samkomulag hafi náðst um 6 mánaða tíma, en ekki annan. Hafi ekkert verið um það rætt, hvaða áhrif það hefði á samkomulagið, ef Iðja gengi til verkfalls, enda tilgangurinn með samkomulaginu sá, að forða frá verkfalli í bili og iðnrekendur komið til þessara samninga í því skyni, að bjóða eitthvað fram, til þess að fá vinnufrið.

Eyþór Tómasson minnir að fulltrúar Iðju hafi viljað hafa afturvirka tímabilið 8 mánuði, aðrir muni hafa viljað miða við skemmri tíma, en 6 mánuðirnir hafi orðið „millivegur“ til samkomulags. Segir hann, að tilgangurinn með þessu samkomulagi hafi tvímælalaust verið sá, að forða frá verkfalli þangað til samið væri í Reykjavík. Ekki hafi við samningsgerðina verið minnst á afleiðingar þess, að Iðja hæfi verkfall. Þetta hafi eingöngu verið gert til þess að forða frá verkfallsaðgerðum.

Þegar virt eru þau gögn, sem fyrir hendi eru í máli

Þessu, svo sem aðiljaskýrslur þær, er raktar hafa verið, og annað það, sem fram hefur komið, og tillit er tekið til þess, hversu háttað var kaupgjaldsmálum og vinnudeilum á þeim tíma, sem hér var um að ræða, verður að skýra 1. lið umdeilds samkomulags frá 7. nóvember 1960 á þá lund, að Iðja, félag verksmiðjufólks á Akureyri, hafi af sinni hálfu fallist á það, að stofna ekki til verkfalls hjá iðnrekendum þeim, sem hlut áttu að máli, næstu 6 mánuðina frá dagsetningu samkomulagsins 7. nóv. 1960 að telja gegn því, að iðnrekendurnir greiddu sex mánuði aftur í tímenn það kaup, sem umsemdist við nýja kjarasamninga. Hins vegar verður eigi litið svo á, að Iðja á Akureyri hafi skuldbundið sig til þess að halda að sér höndum lengri tíma en iðnrekendur áttu að greiða fyrir, enda þótt raunin yrði sú, að verklyðsfélög þau, sem Iðja ætlaði að hafa samflot með, hefðu eigi náð nýjum samningum við vinnuveitendur að þeim sex mánuðum liðnum, sem hér var um að ræða. Það var því eigi brot á samkomulaginu frá 7. nóv. 1960 þótt Iðja efndi til verkfalls hinn 29. maí 1961 eða tæpum sjö mánuðum frá því nóvembersamkomulagið var undirritað. Stóð því áfram í gildi sú skuldbinding iðnrekenda, að væntanlegir samningar skyldu vera afturvirkir um 6 mánaða skeið og verður eigi talið, að Iðja á Akureyri hafi glatað rétti sínum að þessu leyti þótt fyrirvarsmenn félagsins létu ósvarað áðurgreindu símskeyti stefnanda frá 26. maí 1961.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks á Akureyri, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Félags íslenzkra iðnrekenda, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
